

Efnahagsstefnan				
SA	ASÍ	Ríki		
			Ríkisfjármálastefna	Stefnan í ríkisfjármálum var birt í október sl. Vegna tímaskorts var samráð minna en æskilegt hefði verið.
			Efnahagsáætlun	Efnahags- og viðskiptaráðuneyti efndi til fjögurra funda með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins um efnahagsáætlunina. Aðkoma aðila að „reglulegu endurmati og setningu nýrra markmiða“.
			Mótun peningastefnu	Vinna er að hefjast. Fulltrúar þingflokka tilnefndir í nefnd um mótun peninga- og gjaldeyrisstefnu er með að nefndin hefji störf á næstunni.
			Losun gjaldeyrishafta	Í yfirlýsingu segir aðeins að „höftum verði ekki við haldið lengur en brýna nauðsyn ber til.“
Bætur almannatrygginga og persónuafsláttur				
SA	ASÍ	Ríki		
			Bætur almannatrygginga	Bætur almannatrygginga og atvinnuleysistryggingar hækkuðu um 8,1% í júní sl. Bætur almannatrygginga og atvinnuleysistryggingar hækkuðu um 3,5% um áramótin en Alþýðusamband Íslands telur að hækka eigi þessar fjárhæðir um 11.000 kr. eins og lægstu launin munu gera 1. febrúar nk. Yfirlýsing kveður á um „hliðstæðar“ kjarabætur og um samið í kjarasamningum.
			Tekju- og eignatenging vaxta- og barnabóta.	Svigrúm ekki til slökunar á tekju- og eignatengingu vaxta- og barnabóta í fjárlagafrumvarpi 2012.
			Persónuafsláttur	
Starfsskilyrði atvinnulífsins				
SA	ASÍ	Ríki		
			Tryggingagjald	
			Tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur	Samkomulag er í sjónmáli.
			Breytingar á tilteknum ákvæðum um skattlagningu fyrirtækja	Lög nr. 73/2011.
			Samstarf um frekari umbætur í skattamálum fyrirtækja	Starfandi eru vinnuhópar stjórnvalda og hagsmunaaðila um frumvörp um þunna eiginfjármögnun, skattlagningu afleiðuviðskipta og skattlagningu vegna tímabundinnar vinnu erlendis.
			Átak gegn svartri atvinnustarfsemi	

			Bættir viðskiptahættir	Vinna hafin við að greina leiðir. Til skoðunar eru bæði leiðir til að sporna gegn kennitölufлакki á grundvelli löggjafar um hlutafélög og skattalögum. Gert ráð fyrir breytingum á lögum um í þingmálaskrá. Fyrirhugað er að boða fulltrúa SA, ASÍ, Fyrirtækjaskrár og RSK til fundar á næstu dögum til að móta leiðir að því markmiði sem fram kemur í yfirlýsingunni.
			Réttarstaða starfsfólks við aðilaskipti	Lögum 72/2002 breytt 4. september 2011.
			Réttindi starfsfólks fyrirtækja á verktaka markaði	Málið er í vinnslu í tengslum við endurskoðun á lögum/reglum um opinber innkaup.
			Opinber innkaup	Hugmyndir uppi um að gera nauðsynlegar ráðstafanir á útboðsgögnum og skilmálum í stað þess að breyta lögum. Með því er ferlið einfaldað og auðvelt gæti reynst að betrumbæta það. Ná þarf góðri sátt um niðurstöðurnar. Fundir fyrirhugaðir á næstu dögum.
<b>Sókn í atvinnumálum</b>				
<b>SA</b>	<b>ASÍ</b>	<b>Ríki</b>		
			Fjárfestingarhlutfall 20% af landsframleiðslu	Sameiginlegt markmið aðila og stjórnvalda. Að takmörkuðu leyti á forræði stjórnvalda.
			Hagvaxtar- og fjárfestingaráætlun	Í ljósi þeirrar óvissu sem verið hefur um mikilvægar fjárfestingar hefur hagvaxtar og fjárfestingaráætlun tafist. Efnahagsáætlun og ríkisfjármálaáætlun hljóta að móta slíka áætlun.
			Opinberar framkvæmdir	
			Vegaframkvæmdir á Suðvesturlandi	Andstaða við málið var mikil hjá sveitarstjórnarmönnum og var það í raun og veru ljóst þegar við undirritun kjarasamninganna. Orðalag í yfirlýsingu tekur mið af þessu. Starfshópur reyndi til þrautar að finna útfærslu en það tókst ekki.
			Verndar- og nýtingaráætlun v. virkjana	Lög nr. 48/ 2011.
			Rammaáætlun	Drög að þingsályktunartillögu um rammaáætlun voru kynnt í ágúst sl. og voru send í 12 vikna umsagnarferli. Um 200 umsagnir bárust og er nú unnið úr þeim í umhverfis- og iðnaðarráðuneytum.
			Bein þátttaka lífeyrissjóða í orkufjárfestingum	Frumvarp um breytingu á lögum um skyldutryggingu lagt fram í maí. ASÍ lýsti yfir andstöðu.
			Tvö fjárfestingarverkefni á Norðausturlandi	„Þess er fastlega vænst“ segir í yfirlýsingunni, en sú von að samningar tækjust fyrir árslok brást. Enn er unnið af krafti í málinu af hálfu Landsvirkjunar.
			Bein erlend fjárfesting	Efnahags- og viðskiptaráðherra lagði fram tillögu til þingsályktunar um stefnu um beina erlenda fjárfestingu þann 8. desember sl. Ályktunin bíður samþykktar Alþingis.
			„Allir vinna“	Endurgreiðslu VSK framhaldið. Tekjuskattsívilnun ekki framlengt.
			Vinna úr skuldum fyrirtækja	

			Hvataaðgerðir vegna fjárfestinga í orkufrekri grænni starfsemi	Ákveðið hefur verið að hrinda af stað átaki sem m.a. felur í sér hagræna greiningu á grænu hagkerfi á Íslandi, val áherslusviða, kortlagningu vænlegra fjárfesta, kynningu og markaðssetningu á Íslandi sem vænlegum kosti fyrir fjárfestingar í umhverfsvænni atvinnustarfsemi. Íslandsstofa mun annast verkið.
			Umbætur á fjármálamarkaði	Skýrsla um fjármálakerfisins og eftirlit með því væntanleg í febrúar nk. Lög um Seðlabanka Íslands endurskoðuð í heildarendurskoðun fjármála- og eftirlitslöggjafarinnar í kjölfarið.
			Klasasamstarf	Reynslan af þessu verkefni er takmörkuð, enda ekki enn búið að úthluta styrkjum til verkefna. Stjórnvöld hafa verið í samstarfi við Samtök iðnaðarins um framvindu þessa verkefnis.
			„Ísland allt árið“	
			Nýsköpunarsjóður, Tækniþróunarsjóður	Málefni sjóðanna eru í skoðun.
<b>Menntamál og vinnumarkaðsúrræði</b>				
<b>SA</b>	<b>ASÍ</b>	<b>Ríki</b>		
			Bráðaaðgerðir; atvinnulaust fólk í vinnu	
			Framhaldsskólar taki inn umsækjendur yngri en 25 ára sem uppfylla skilyrði.	
			Allir með raunfærnimati vorið 2011 komist í nám á framhaldsskólastigi haustið 2011.	
			25 ára og eldri gefinn kostur á úrræðum í framhaldsfræðslu.	
			Aukið raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.	
			Bótatímabili atvinnuleitenda í starfstengdum úrræðum ekki skert .	Lög nr. 103/2011.
			Heildstætt nám í fjarkennslu í boði á framhaldsskólastigi.	Málið er í vinnslu.
			Átak vegna starfstengdra úrræða	Tillögur hafa verið kynntar og fer verkefnið af stað í febrúar 2012.

			Samráð vegna endurskoðunar LÍN	Vinna við endurskoðun laga um LÍN er ný hafin. Samráð verður haft við aðila vinnumarkaðsins á næstunni.
			Próunarsjóður	Málið er í vinnslu en um langtímamarkmið að ræða og sameiginlegt verkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar.
			Framlög í vinnustaðasjóð.	
			Framkvæmd aðgerða í vinnumarkaðs- og menntamálum	Aðgerðahópur sem fylgist með og útfærir framkvæmd er að stöfum.
<b>Lífeyrismál, starfsendurhæfing og húsnæðismál</b>				
<b>SA</b>	<b>ASÍ</b>	<b>Ríki</b>		
			Starfshópur vegna samræmingar lífeyrisréttinda	Alls voru haldnir 19 fundir í starfshópi um heildarendurskoðun á lífeyriskerfinu þegar upplýst var um það 19. mars að ASÍ og SA hefðu lagt fram minnisblað fyrir ríkisstjórnina um hvernig ætti að loka B deild LSR. Þetta kom illa við bandalög opinberra starfsmanna og setti vinnuna í hnút. Boðað hefur verið til fundar í starfshópnum og verður hann haldinn fljótlega.
			Vandi opinberu sjóðanna	Gríðarlega vandasamt mál að ræða. Engin fyrirheit um verklok í yfirlýsingunni, en heitið samráði við ASÍ og sveitarfélögin um breytingar á réttindum þeirra félagsmanna sambandsins sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum og munu stjórnvöld efna þau loforð þegar að því kemur. Fram að þeim tíma er eðlilegt að stjórnvöld fái svigrúm til að finna lausn á fjárhagsvanda lífeyrissjóðsins.
			Inngreiðslur í almenna lífeyrissjóði.	Talnakönnun hf. falið að gera úttekt á lífeyrissjóðum og bera saman með heildstæðum hætti lífeyriskjör opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði. Talnakönnun skilaði drögum að skýrslu í haust og voru þau kynnt á fundi með aðilum vinnumarkaðarins.
			Starfsendurhæfing	Nefnd starfandi á vegum stjórnvalda um skipan atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Starfstími nefndar framlengdur til 1. febrúar. Frumvarpsvinna er á lokastigum.
			Húsnæðismál	Málið er í vinnslu. ASÍ hefur óskað eftir meiri aðild að vinnunni og verður orðið við því.
<b>Bókanir</b>				
<b>SA</b>	<b>ASÍ</b>	<b>Ríki</b>		
			Sjávarútvegsmál	Forsendur hafa breyst frá því bókun varð gerð. Nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða er í vinnslu. Verður þeirri vinnu hraða svo sem unnt er og jafnframt verður leitað samráðs við hagsmunaaðila.
			Framkvæmd yfirlýsingar	Haldnir hafa verið nokkrir fundir í starfshópnum þar sem farið hefur verið yfir framgang verkefna. SA hefur ekki óskað eftir fundum og lýsti yfir í haust að SA myndi eiga í neinum samskiptum við ríkisstjórnina